

27 brauðristar

lesskilningur

EINSTAKLINGS-
VERKEFNI

Algengt er að þör leggi fram gjafalista svo að gestir eigi auðveldara með að velja handa þeim brúðkaupsgjöf. Mike og Viktoria Seymour sem búa í Nottingham á Englandi gerðu það ekki. Þau buðu 80 vinum í brúðkaupsveisluna sína og töldu það réttast að gestirnir veldu sjálfir gjafirnar. Þetta fannst sumum gestanna erfitt og ákváðu því að gera brúðhjónunum grikk. Þegar Mike og Viktoria opnuðu pakkana að brúðkaupi loknu urðu þau mjög undrandi því í flestum pakkanna var brauðrist. Alls fengu þau 27 brauðristar sem þau urða að skila og skipta yfir í annað. Þeim fannst grikkurinn góður.

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi geti lesið almennan texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað

VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- Ég svara spurningum á þann hátt að það sýnir skilning á innihaldi textans.
- Ég svara vangaveltum í spurningu 5.
- Ég svara spurningu 5 með því að tiltaka nokkur dæmi.

VERKEFNIÐ:

Lestu textann og svaraðu spurningunum hér að neðan.

1. Í hvaða landi búa Mike og Viktoria?
2. Hve mörgum vinum buðu þau í brúðkaupið sitt?
3. Af hverju ætli þau hafi fengið svona margar brauðristar?
4. Af hverju ætli fólk geri gjafalista fyrir brúðkaup og stórar veislur?
5. Hvað myndir þú setja á gjafalistann þinn ef þú værir að halda stóra veislu?

Afurð: vel uppsett Docs skjal